

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 6. desember 2022

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til máls nr. 223/2022, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áform um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), nr. 136/2013. Samtökin skiluðu áður umsögn um málið þar sem samtökin tóku undir þau markmið að skapa starfsemi sem snýr að Carbfix heppilegri umgjörð í þágu þeirra mikilvægu verkefna sem framundan eru í þeirri starfsemi en guldu varhug við því að breyting á lögum um OR tæki til fleiri verkefna eða tengdra félaga þess. Enda er það mat samtakanna, sem ítrekast hér með, að ríki og sveitarfélög þurfa að marka sér skýr viðmið um það hvernig fyrirtæki í þeirra eigu starfa á markaði. Of mörg dæmi eru um röskun á samkeppnismarkaði vegna inngripa hins opinbera, sem hindrar eðlilega framþróun og dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

SI fagna því þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í meðferð þess í ráðuneytinu og taka heilshugar undir að stuðlað verði að framgangi og þróun Carbfix verkefnisins sem getur skipt sköpum í framlagi Íslands á sviði loftslagsmála og átt þátt í að loftslagsmarkmiðum verði náð.

SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Sigríður Mogensen,
Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI